

Ed.

176. Nefndarálit

[88. mál]

um frv. til laga um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn lét í ruslakörfuna fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar Alþýðuflokksins og lagði fram nýtt fjárlagafrumvarp, þegar Alþingi kom saman um mánaðamótin janúar og febrúar.

Í hinu nýja frumvarpi var gert ráð fyrir nýjum almennum söluskatti, er næmi 280 millj. króna. Segir þar orðrétt:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“

Litlu síðar lagði ríkisstjórnin fram frumvarp sitt um efnahagsmál, — gengisfellingarfrumvarpið, — sem varð að lögum 19. f. m.

Í athugasemdum við það frumvarp var talað um hinn væntanlega nýja söluskatt. Og í umræðum var gert ráð fyrir, að hann yrði að vísu almennur, en lágt hundraðsgjald. Ekki sást eða heyrðist, að reiknað væri með honum til dýrtíðaraukningar. Hreinar upplýsingar fengust engar um álagningu hans aðrar en þær, sem telja mátti að væru í athugasemdum fjárlagafrumvarpsins og áður eru nefndar, að ekki væri áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi.

Svo liðu dagar og vikur. Loks hinn 9. þ. m. leggur ríkisstjórnin fram frumvarp þetta um nýja söluskattinn.

Ekki vil ég fullyrða, hvort það er af ásetningi gert að leggja efnahagsaðgerðafrumvörpin fram á strjálíngi, til þess að eigi sé hægt að fá heildaryfirlit fyrr en eftir á, eða að smíði þeirra gengur svona treglega, nema hvort tveggja sé. Hitt er augljóst, að það er ámælisvert, að Alþingi skuli ekki hafa fengið til meðferðar

samtímis allar aðalefnahagsmálatillögur ríkisstjórnarinnar eða a. m. k. greinilegar og sannar upplýsingar um tillögur þær, sem á að leggja fram. Afstaða til eins getur þar oltið á því, hvað öðru líður.

Nú kemur í ljós, að frumvarpið um söluskattinn er miklu harkalegra en ætla mátti að það yrði, eftir því sem orð höfðu um það fallið, og var þó að visu ekki búizt við góðu.

Söluskatturinn — eða rétlara sagt söluskattarnir, eins og þeir eiga að verða, þegar til kemur, valda mikilli dýrtíðaraukningu hjá almenningi.

Þrátt fyrir þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að hún ætlaði sér ekki að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi, hyggst hún nú — þegar til kastanna kemur — meira en tvöfalda hann. Samkv. núgildandi lögum ber að greiða í söluskatt 7.7% „af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.“ Við þennan skatt á að bæta 8.8%, svo að álagið verður 16.5%.

Eftir að gengisfellingarfrumvarpið varð að lögum og lánavextirnir voru hækkaðir, hafa menn dag eftir dag verið að fá steina dýrtíðarinnar úr ýmsum áttum í höfuðið, og þó eiga nærri því allar afleiðingar þeirrar lagasetningar eftir að sýna sig og bitna á mönnum. Þær eru bara yfirvofandi enn þá, undan þeim er ekki enn farið að sviða. Verði hækkun söluskatts af innflutningi að lögum, bætast þar vænir hnöllumar í grjóttflugið. Það munar um minna en 8.8% til viðbótar á hið nýja gengisfellingarverð allrar erlendra vöru. Þessi skatthækkun er að visu talin eiga að vera til bráðabirgða fyrir líðandi ár. En hver býst við öðru en framlengingu slíkra ákvæða? Engar líkur eru til, að ríkisstjórnin um næstu áramót telji sig mega missa þær 180 milljónir króna, sem áætlað er að þessi skattauki geri á heilu ári.

Ofan á verð erlendu vörunnar á svo enn að koma á síðasta sölustigi 3% söluskattur, sem einnig leggst á sölu innlendra vöru svo og „vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta“.

Þessi skattur er svo víðtækur, að hann verður bæði almenningi og skattheimtumönnum hvítleiður og dýr.

Fólk á að greiða skattinn af nálega öllu, sem það kaupir: raforku, vatni frá hitaveitum, kjöti, fiski, grænmeti o. s. frv. Engin matvæli undanskilin, nema nýmjólk. Aldrei hefur það áður þekkt á Íslandi, að ríkissjóði væri aflað tekna með því að leggja skatt á það, sem þjóðin framleiðir sér til matar, svo sem: kjöt, fisk, mjólkurvörur og grænmeti. Sannarlega er hér ný efnahagsmálastefna og ófyrirleitin komin til sögunnar. Jafnvel gjafir eru skattskyldar.

Með þessu gerist ríkisstjórnin lík Þorsteini matgoggi, sem skáldið Jón Thoroddsen segir frá að sat við dyrnar og tók toll af hverjum disk, sem inn var borinn, eftir að hafa gleypst í sig óheyrilegan grautarskammt og tæmt feiknastórt trog hlaðið kynstrum af þorramat.

Allir seljendur (og auðvitað þiggjendur gjafa líka) eru innheimtumenn ríkisins á þessum skatti. Það eru þeir án alls endurgjalds og að sjálfsögðu skyldugir til að standa skil á innheimtufénu. Skatturinn eys úr pyngju kaupandans, en jafnframt verður hann samvirkusömum seljanda fyrirhafnar- og kostnaðarsamur.

Ríkið sjálft mun líka verða að verja miklu fé til eftirlits og umsjónar með því, að söluskattslögum verði hlýtt, — og eftirlitið og umsjónin getur þó aldrei komið að fullu haldi. Skatturinn fullheimtist aldrei, af því að svo auðvelt er til undanbragða í sambandi við hann. Þeir heiðarlegu — og þeir, sem ekki eiga annars kost — gera að sjálfsögðu full skil, en hinir sleppa. Samkvæmt áðurfenginni reynslu verður langt frá því, að ríkið fái hvern pening, sem almenningur borgar í þennan skatt. Sumir, sem taka á móti, stinga í sína vasa hluta af skattþíningsfénu.

Það er hlálegt, að sú stjórn, sem segist vilja afnema tekjuskatt — að meira eða minna leyti — vegna þess, að hann náist ekki réttlátlega sökum skattsvika, vill taka upp þennan almenna, afsleppa söluskatt í staðinn.

Skattur þessi stóreykur þá dýrtíð og kreppu, sem núverandi stjórnarflokkar eru

með áðurgerðum ráðstöfunum búnir að tryggja að yfir þjóðina skellur á næstu vikum og mánuðum með sívaxandi þunga.

Skatturinn eykur skriffinnskuna í þjóðfélaginu í stórum stíl, og hann hefur í framkvæmd — í fáum orðum sagt — viðsjálastar fylgjur skatta.

Ég ræði ekki einstök atriði frumvarpsins frekar og geri ekki ráð fyrir að flytja við það breytingartillögu, af því að undir breytingar, sem máli skipta, var ekki tekið af meiri hluta fjárhagsnefndar, og vitað er, að stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar eru ráðnir í því að fallast ekki á breytingar, sem efnislega þýðingu hafa.

Eitt vil ég þó taka fram. Ég er því samþykkur, að tiltekinn hluti af söluskatti gangi til sveitarfélaga. Í frumvarpi þessu er tekið fram, að ríkissjóður skuli greiða til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga einn fimmta hluta af þeim sölusköttum, sem þar um ræðir. Ég hef lengi litið svo á, að rétt væri, að ríkið léti hluta af slíkri tekjuöflun sinni sveitarfélögunum í té.

Hins vegar teldi ég fjarstæðu — og verr farið en heima setið — ef fé því, sem sveitarfélögin þannig fengju, yrði úthlutað til þeirra eftir þeim skiptareglum, sem jöfnunarsjóður fylgir og ber að fylgja samkv. núgildandi lögum sínum. Ekkert hefur fengizt upplýst um það, hvernig lögum sjóðsins verður breytt í þessu sambandi, og ekki heldur, hverjar breytingar eru fyrirhugaðar á útsvarslögunum, sem þó er talað um að eigi að breyta á þessu þingi. Þetta eru dæmi um vinnubrögðin hjá stjórnarflokkunum og að Alþingi fær ekki að vita mikilsverð atriði, sem afstaða til mála getur oltið á.

Ég er á móti þessu frumvarpi í heild, og þó að í því sé framangreint ákvæði um stuðning við sveitarfélögin, — óljóst og óskilgreint, — breytir það ekki þeirri afstöðu minni.

Ég tel, að með fjárlagafrumvarpinu nýja og efnahagsmálalöggjöfinni, sem Alþingi hefur þegar afgreitt, sé stofnað til svo mikillar tekjuöflunar fyrir ríkið, að það ætti að geta staðið af vænni fúlgu til sveitarfélaganna á þessu ári af söluskatti sínum, þótt þetta frumvarp verði ekki að lögum enda eru þeir söluskattar, sem frumvarpið felur í sér, svo mikil skattþening fyrir almenning í ofanálag, að hlutdeild í þeim fyrir sveitarfélögin er of dýru verði keypt — og kemur í bakseglin.

Talið er, að ársálögur í heild af völdum efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar — þar með taldir söluskattar þessa frumvarps — muni verða yfir 1100 milljónir króna, og er þá búið að draga frá hækkun fjölskyldubóta og lækkun tekjuskatts, eins og sú lækkun hefur verið boðuð. Einnig er þá frá dreginn hluti sveitarfélaga af fyrirhuguðum sölusköttum.

Þetta er mikill byrðarauki fyrir 170 þúsund manna þjóð. Það er von, að almenningur kvíði komandi dögum og hreyfi mótmælum.

Að þessum aðgerðum standa menn, sem lofuðu þjóðinni í síðustu alþingiskosningum stöðvun verðbólgu og dýrtíðar án nýrra álagna. Þetta voru að sjálf-sögðu blekkingaloforð, — gátu ekki verið annað — þó að margir kjósendur vöruðust það ekki.

En með þessum hrottalegu álögum og ráðstöfunum eru ekki aðeins loforðin að engu höfð, heldur skotið langt yfir mark: voði kallaður yfir þjóðina, nauðsynlegt framtak hennar lamað og fátæktinni boðið heim til almennings.

Ég þykist hafa fært gild rök fyrir því, að rangt er að gera frumvarp þetta að lögum — og legg til, að efri deild felli það.

Alþingi, 12. marz 1960.

Karl Kristjánsson.